

Samningur um kolefnisjöfnun

Kolviður-sjóður kt. 560606-1170, Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík, (hér eftir nefndur „Kolviður“) og Hafnarfjarðabær kt. 590169-7579, Strandgötu, 220 Hafnarfirði, (hér eftir nefndur „Hafnarfjarðabær“) gera með sér svofellðan samning um kolefnisjöfnun.

1. Markmið

Markmið þessa samnings er að binda kolefni – CO₂ – sem til fellur vegna starfsemi Hafnarfjarðarbæjar. Kolefnisbindingin á sér stað í gróðri og jarðvegi með landgræðslu og skógrækt sem Kolviður hefur umsjón með.

2. Ytra eftirlit

Starfsemi Kolviðar er með skipulagsskrá og því undir eftirliti Ríkisendurskoðunar og kolefnisbindingin er mæld af Íslenskri skógarúttekt sem safnar saman á vísindalegan hátt upplýsingum um bindingu kolefnis í skóginum samkvæmt vinnureglum skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í loftslagsmálum (UNFCCC). Kolviður starfar undir eftirliti ytri endurskoðenda sem yfirfara og sannreyna að nauðsynleg plöntun og umhirða eigi sér stað og að fjármunir séu tryggðir til umhirðu þar til trjáræktin hefur skilað þeirri bindingu sem kolefnisjöfnunin miðar að. Miðað er við að það taki gróður 60 ár að binda 300 tonn CO₂/ha. og til þess að tryggja það er þinglýst kvöð á það land sem nýtt er undir Kolviðarskóg.

3. Kolefnisjöfnuð starfsemi

Hafnarfjarðarbær er í samstarfi við Klappir Grænar Lausnir hf. og hefur innleitt heilstæða hugbúnaðarlausn frá þeim, Klappir Core, þar sem upplýsingum er streymt inn í kerfið frá gagnalindum með rafrænum hætti. Klappir grænar lausnir votta jafnframt uppgjör sveitarfélagsins.

Klappir Grænar Lausnir hf. hafa skilgreint kolefnislosun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2018 og er losunin 890 tonn CO₂.

Hafnarfjarðarbær kolefnisjafnar losun sína í samstarfi við Kolvið samkvæmt samningi þessum.

Kostnaður við kolefnisbindingu árin 2018 og 2019 er kr. 2.000 pr. tonn CO₂.

Til kolefnisbindingar framangreindrar árlegrar losunar þarf að gróðursetja allt að 8.900 tré. Þessu til staðfestingar gefur Kolviður út sérstakt viðurkenningarskjal.

4. Kolefnisbókhald yfir losað magn koldíoxíðs – CO₂ – á ársgrundvelli

Hafnarfjarðarbær notar hugbúnað Klappa til að halda utan um kolefnislosun starfseminnar. Á grundvelli umhverfisuppgjóra sem gerð eru í umhverfishugbúnaði Klappa er notendum hugbúnaðarins gert kleift að kolefnisjafna umhverfisáhrif sín í samstarfi við Kolvið með einföldum hætti. Notendur hugbúnaðarins geta séð hve mörgum trjám verður plantað fyrir hvert uppgjörstímabil og árið í heild. Notendurnir fá einnig vottun frá Kolviði um plöntunina og útreiknaða kolefnisbindingu sem tekin er inn í umhverfisuppgjörið.

5. Kolefnisáætlun

Til þess að Kolviður geti skipulagt og plantað í samræmi við keypta kolefnisjöfnun þá gerir Hafnarfjarðarbær áætlun um losun fyrir hvert ár og skal hún liggja fyrir eigi síðar en í lok febrúar. Ef Hafnarfjarðarbær skilar ekki inn áætlun fyrir lok febrúar gengur Kolviður út frá tölum síðasta árs og skipuleggur gróðursetningu í samræmi við það.

6. Greiðslur

Hafnarfjarðarbær samþykkir að Klappir Grænar Lausnir innheimti í byrjun hvers árs fyrir kolefnisjöfnun ársins áður í samræmi við kolefnisbókhald ársins áður.

Klappir Grænar Lausnir miðla innheimtum fjármunum samkvæmt samningi þessum til Kolviðar ásamt upplýsingum um það magn sem binda skal.

7. Notkun á merki Kolviðar

Hafnarfjarðarbær fær með samningi þessum heimild til þess að nota merki Kolviðar á þá bíla og tæki sem sannanlega eru kolefnisjöfnuð, þess skal gætt að við sölu bíla og tækja þá sé merki Kolviðar fjarlægt. Þetta á einnig við um kynningargögn, upplýsingar á heimasíðu og útsent efni. Notkun á merki Kolviðar skal vera samkvæmt reglum þar að lútandi en önnur notkun er háð fyrirfram samþykki fulltrúa Kolviðar. Ávallt skal koma fram hvaða þættir í starfsemi fyrirtækisins eru kolefnisjafnaðir og óheimilt er að gefa til kynna víðtækari kolefnisjöfnun en raun er.

Kolviður mun á heimasíðu sinni halda skrá yfir fyrirtæki og sveitarfélög sem kolefnisjafna losun sína og geta þess hvaða þættir starfseminnar eru kolefnisjafnaðir.

Kolviður mun setja tengingu við heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar með www.hafnarfjodur.is

8. Gildistaka

Samningur þessi tekur gildi við undirritun. Hafnarfjarðarbær kolefnisjafnar framangreinda þætti samkv. 3. og 5. gr. frá og með 1. janúar 2018.

9. Samningsrof

Kolefnisbinding á umsömdu árlegu magni kolefnislosunar tekur allt að 60 ár. Samningurinn nær því einungis til þeirrar losunar sem á sér stað hjá sveitarfélaginu á samningstímanum. Notkunin á merki Kolviðar er því aðeins heimil á samningstímanum, að Hafnarfjarðarbær greiði árlega fyrir þá plöntun sem þá á sér stað.

Falli samningur þessi um kolefnisjöfnun úr gildi er fyrirtækinu óheimilt að nota merki Kolviðar á nokkurn hátt. Sé það gert er litið á það sem blekkingu gagnvart neytendum og meðhöndlað sem slíkt.

10. Framsal

Aðilum samnings þessa er óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt honum til þriðja aðila nema með skriflegu samþykki.

11. Samningstími

Samningur þessi er uppsegjanlegur án sérstakrar ástæðu af hálfu beggja samningsaðila með þriggja mánaða fyrirvara með skriflegum hætti.

RG
PK

12 Samskipti

Allar tilkynningar sem sendar eru á grundvelli samningsins skulu sendar aðilum á þau heimilisföng sem tilgreind eru í upphafi hans.

Eftirtaldir fulltrúar aðila skulu vera tengiliðir samningsaðila;

- Tengiliður Hafnarfjarðarbæjar er: Guðmundur Elfásson, Beinn sími: 585-5641, farsími: 664-5641, guðmundure@hafnarfjordur.is
- Tengiliður Kolviðar er: Einar Gunnarsson, eg@skog.is, sími 891-8643

13 Varnarþing og úrlausn ágreiningsmála

Með samning þennan skal að öllu leyti farið að íslenskum lögum.

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa eða um efni hans skulu aðilar freista þess að leysa úr honum. Takist það ekki skal dómsmál um slíkan ágreining rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


14 Samningseintök og undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða og jafngildum eintökum og skal hvor samningsaðili halda einu eintaki.


Til skuldbindingar og staðfestu efnis samningsins rita þar til bærir forsvarsmenn aðila undir samninginn fyrir þeirra hönd.

Reykjavík 19. júní 2019

F.h. Kolviðar



F.h. Hafnarfjarðarbæjar



Vottar:

